

Minnisblað

Nýting nýrrar tækni í vetrarþjónustu - samnorrænt rannsóknarverkefni

Einar Pálsson og Katrín Pálsdóttir, þjónustudeild Vegagerðarinnar



Ágrip

Nýting nýrrar tækni í vetrarþjónustu er samnorrænt verkefni undir hatti NordFoU og sendur fyrir Winter Road Intelligence Project (WRIP) og er fjórþætt.

- WRIP I: Prófun á IoT-veðurstöðvum (Internet of things) samanborið við staðbundnar fastar veðurstöðvar. IoT stöðvar eru rafhlöðudrífna stöðvar með öllu ótengdar roaforakunetinu. Kostnaður slíkra stöðva er u.þ.b. fjórðungur af verði fastra veðurstöðva. Prófanir fóru fram á tveimur stöðum í Svíþjóð: Kiruna (norður Svíþjóð) og Sågon (mið Svíþjóð).
- WRIP II: Prófun í Bodö í Noregi og á Íslandi á optískum skynjurum sem settir eru á ökutæki (eftirlitsbíla) og nytsemi „Floating Car Data“ frá skynvæddum ökutækjum bílaframleiðendanna VW, Volvo og MBenz. Í stuttu máli komu skynjarar frá Teconer vel út í samanburði við Vaisala MD30 skynjarann og eins skynjarann frá Roadcloud. Hvað sjálfvirk gögn frá bílaframleiðendum varðar þá lofa þau góðu hvað varðar hita, úrkomu og viðnám en vandasamt er að fá gögn þar sem bílaumferð er takmörkuð. Æskilegt væri að staðla gögnin og fá frá sem flestum framleiðendum.
- WRIP III: Yfirferð á hvað stöðlun gagna, gagnasniða og gagnaskila skiptir miklu máli fyrir notendur eins og vegagerðir. Sama gildir um stöðlun ástands og færðarskilgreininga.
- WRIP IV: Prófun á hugbúnaði sem vinnur með vetrarþjónustutæki og veðurspár til að aðstoða við ákvarðanatöku varðandi vetrarþjónustuaðgerðir. Áherslan var á prófun tveggja tilbúinna lausna BM-systems og Klimator þótt þrjár lausnir eru tilnefndar til prófunar þ.e. WX-Horizon að auki. Prófanir voru gerðar á BM-systems og Klimator og mátt þeirra til að styðja við breytilega hálkuvarnir (bestun salts) og stuðning við breytilegar hálkuvarnarleiðir, þ.e.a.s þar sem leiðir innan svæðis eru bestaðar á grundvelli spágagna niður á veghluta um hvaða ástand kemur til með að verða næstu klukkustundirnar.

Síða 1/1

Vegagerðin

Einar Pálsson og
Katrín Pálsdóttir